

Forstjóri Landspítala
Runólfur Pálsson

Efni: Álit fagráðs um drög að nýju skipuriti Landspítala

Álit fagráðs er í tvennu lagi. Annars vegar er formlegt álit um drög að skipuriti og hins vegar athugasemdir við tímalínu kynninga á skipuriti.

Álit fagráðs um drög að skipuriti

Fagráð tekur undir mikilvægi þess að færa aukið umboð og ákvörðunarvald nær framlínu sem og að auka áherslu á samhæfingu og samvinnu innan og á milli sviða til að efla þjónustu og skilvirkni. Þá telur fagráð skipuritið taka mikilvæg skref í að efla vísindastarf, gagnavinnslu og stafvæðingu.

Fagráð fagnar einnig skýrara og öflugra hlutverki framkvæmdastjóra hjúkrunar og lækninga og nýjum stoðeiningum sem styrkja starfsemina og auðvelda nútímavæðingu og framtíðarsýn.

Ábendingar sem óskað er eftir að hafðar verði í huga við áframhaldandi þróun skipurits:

- Skipurit Landspítala verður að endurspegla þverfaglega nálgun
- Menntun heyrir undir framkvæmdastjóra hjúkrunar og lækninga en fjölmargar aðrar menntaðar fagstéttir eru við störf á spítalanum og mikilvægt er að menntun þeirra og fagleg þróun sé undir skýrri forystu
- Fagráðið óskar eftir því að hafa frekari aðkomu að öðrum áfanga í vinnu við nýtt skipurit

Athugasemdir við tímalínu

- Fagráð telur eðlilegt að leitað sé álits þess áður en drög að skipuriti eru tekin til samþykktar hjá stjórn Landspítala
- Fagráð telur að það væri gagnlegt fyrir stjórn Landspítala að fá kynningu á áliti fagráðs áður en drög eru samþykkt
- Fagráð leggur til að við næstu skipuritsbreytingar fá fagráð tækifæri til að gefa álit áður en stjórn samþykkir

Fyrir hönd fagráðs Landspítala

Marta Jóns Hjördísardóttir

Marta Jóns Hjördísardóttir formaður
martjons@landspitali.is